



Safnaðartíðindi

Seljasóknar

28. ÁRG. 1. TBL. Páskar 2007



Við upphaf fermingarguðsþjónustu 25. apríl s.l.

**Lesið um
hátiðarguðsþjónustur
Seljakirkju á baksíðu**

Gleðilega páska

Höldum rétta hátið

Það fer í hönd hátið. Þar skipuleggjum við margt. Við viljum njóta þess góða á hátiðisdögum. Í kirkjunni okkar er margt um að vera á hátiðinni. Það fellur að fermingarhátið margra fjölskyldna. Það er vel, því með fermingunni er því samsinnt, sem er inntak páskaboðskaparins, að Jesús Kristur lifir og er að starfi í veröldinni, þar sem hann kallar fólk til ábyrgðar, vill vera leiðtogi.

Við öll sem höfum heitið því að láta hann ráða för í lífinu, eigum að minnast þess, hlusta á það sem hann segir og láta það verða til þess að hjálpa okkur í lífinu. Til þess eru guðsþjónustur kirkjunnar. Rétt hátið verður þegar um það er hugsað, sem uppruni þeirra snýst um. – Vinnum að því í kirkjunni okkar. Tökum þátt í réttri hátið þar. Með bestu kveðjum.

Valgeir Ástráðsson



25 ára starf

Við safnaðarstarfið leggja margir hönd á plóg. Oft fer þar ekki hátt um mikilvæga þjónustu. Þannig er það við undirbúning ferminga. Við fermingarnar nú í ár voru þær enn komnar kvenfélagskonurnar til þess að fylgjast með því að þar færi allt vel og hver einasti einstaklingur fengi kyrtil við hæfi. Þrjár hafa

verið þar traustar í meir en 25 ár samfleytt. Á fyrri árum voru fleiri um verkin þegar fermingarhóparnir voru fjölmennari. En þær Bjarghildur Jósepsdóttir, Hjördís Hjörleifsdóttir og María Óladóttir hafa verið þar öll árin. Það er trúfesti við starf, þjónusta sem þakka ber.

Guðspjónusta hestafólks – 6. maí

Það vekur eftirvæntingu ár hvert, þegar hestafólk kemur á hestum sínum til Seljakirkju og tekur þátt í guðspjónustu. Hestafólk safnast þá saman við hesthúshverfin í Víðidal, Andvaravöllum og á Gustssvæðinu. Við Seljakirkju verður sett upp rétt fyrir hrossin og þar verður gæsla á meðan guðspjónusta er. Að henni lokinni er

boðið upp á kirkjukaffi og spjallað saman áður en riðið er til baka. Nú í ár verður sú guðspjónusta sunnudaginn 6. maí. Sigurður A. Magnússon, rithöfundur, sem er vel kunnur hestafólki, mun stíga í stólinn og flytja prédikun dagsins. Til kirkjunnar þennan dag eru að venju allir velkomnir, með hest eða ekki.

Aðalfundur

Aðalfundur Seljasafnaðar verður haldinn að lokinni guðspjónustu sunnudaginn 20. maí næstkomandi. Á fundinum verða lagðir fram reikningar sóknarinnar, nefndir skila skýrslum og kosið er til ábyrgðarstarfa. Rétt til setu á fundinum hafa allir þeir íbúar Seljahverfis, sem skráðir eru í Þjóðkirkjuna og hafa náð 16 ára aldri.

Góð gjöf til kirkjunnar

Inner –Wheel klúbburinn, Reykjavík, Breiðholt, heldur fundi sína í Seljakirkju. Í samráði við safnaðarstjórn gáfu þær konur myndarlegt ræðupúlt til notkunar í kirkjunni og safnaðarsölum. Leifur Ebenezerson hannaði og smíðaði ræðupúltið sem er vandaður gripur. Það hefur þegar komið margoft til góðra nota. Góð gjöf er vel þegin.

Æskulýðsfélagið Sela

Margt er um að vera í starfi félagsins. Þátttaka í móti æskulýðsfélaga Reykjavíkursafnaða í Vatnaskógi. Einnig má nefna að félagsfólk stóð fyrir maraþonlestri úr Biblíunni, safnaði áheitum, sem runnu til Hjálparstarfs kirkjunnar. Og stór áform eru á döfinni. Í júlí fara um fimmtán Sela -krakkar, ásamt félögum frá öðrum söfnuðum á norrænt æskulýðsmót í Finnlandi. Þar verða þau söfnuðinum sínum til sóma.

Sumardagurinn fyrsti

Eins og áður verða hátíðarhöld í hverfinu okkar á sumardaginn fyrsta. Félög og stofnanir standa þar saman að verkefnum. Að vanda verður skrudganga frá Seljabrautinni, haldið til Seljakirkju þar sem verður fjölskylduguðspjónusta. Að henni lokinni verða hátíðarhöld við tjörnina og Hólmasel. Þar tókum við öll þátt og fögnum sumri.

Síðasta barnaguðspjónusta vorsins

Hún verður sunnudaginn 22. apríl. Þá er margt gert til hátíðar, oft höfum við farið í ferðalag og haft guðspjónustuna í öðrum kirkjum. Það ætlum við ekki að gera nú í ár. En að guðspjónustunni lokinni verður boðið til hinnar frægu pylsuveislu, aldrei að vita nema eitthvað fleira fylgi. Foreldrar eru að sjálfsgöngu velkomnir með börnum sínum.

Myndverk í andyri kirkjunnar

Um síðustu vikur hefur verið samvinna með kirkjunni og myndmenntakennurum í Seljaskóla, þeim Dagnýju Sif Einarsdóttur og Emilíu Magnúsdóttur. Nýlega var tekin niður sýning á verkum eldri nemenda, þar sem settar voru upp eftirmyndir af verkum stóru meistaranna. Þá voru settar upp myndir, sem nemendur höfðu unnið úr pílarsögu Jesú. Þær myndir verða uppi fram yfir páska. Það hefur glatt marga og vakið athygli að sjá verk barnanna í kirkjunni þeirra.

Heimasíðan - seljakirkja.is

Enn minnum við á heimasíðu Seljakirkju. Þar er að finna upplýsingar um starf safnaðarins og aðrar gagnlegar upplýsingar. Það er mikilvægt fyrir safnaðafólk að fylgjast þar vel með og sinna starfi safnaðar síns. Við reynum eftir bestu getu að vinna síðuna vel og vaka yfir henni þannig að upplýsingar séu gagnlegar á hverjum tíma.

Sumarnámskeið Seljakirkju

Í sumar verða haldin þrjú vikunámskeið fyrir börn á aldrinum 6 – 10 ára í Seljakirkju. Þessi námskeið eru holl og kristileg. Um er að ræða mikla útveru, leiki, sögur og söng. Námskeiðin verða sem hér segir:

Námskeið 1: 11. – 15. júní
Námskeið 2: 18. – 22. júní
Námskeið 3: 13. – 17. ágúst

Skráning hefst mánudaginn 7. maí og er tekið við skráningum alla virka daga í Seljakirkju. Námskeiðsgjald á barn er 3.000 kr. Systkinagjald er 5.000 kr. Námskeiðin eru hvern dag frá kl. 9 til 13. Umsjón með námskeiðunum er í höndum starfsfólks Seljakirkju.



Nýr prestur til starfa

Að hausti árið 2005 var Ólafur Jóhann Borgþórsson ráðinn til starfa við Seljasöfnuð. Ólafur lauk síðan guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands. Hefur hann starfað við Seljakirkju með áherslu á æskulýðsstarf. Óskað var

eftir því við biskup Íslands að Ólafur fengi vígslu sem prestur og gæti þá starf hans nýst enn betur við söfnuðinn. Ólafur var vígður til prests 25. febrúar síðstliðinn og mun sem slíkur starfa við Seljakirkju. Nú starfa því þrír prestar við söfnuðinn. Sr. Valgeir Ástráðsson er sóknarpresturinn. Hann hefur leitt starf safnaðarins frá upphafi árið 1980. Sr. Bolli Pétur Bollason var ráðinn til starfa árið 2001 og hlaut vígslu árið 2002. Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson mun áfram starfa með áherslu á æskulýðs og barnastarf. Hann er boðinn velkominn til starfa.

Tónleikar í kyrruviku

Stabat Mater eftir Pergolesi


Miðvikudagskvöldið 4. apríl kl. 20:30 flytja söngkonurnar Anna Jónsdóttir, sópran og Anna Margrét Óskarsdóttir, messósópran, verkið Stabat Mater, eftir ítalska tónskáldið G.B.Pergolesi, ásamt Jóni Bjarnasyni, organista og Örnólfi Kristjánssyni, sellóleikara.

Verkið er eitt af fjölmörgum tónverkum stóru tónmeistaranna, og eitt það kunnasta við þekktan sálm um Maríu við kross Jesú. Það á vel við í kyrruvikunni að koma til kirkjunnar og njóta þessa einstæða verks tónbókmenntanna sem fjallar um pínu og dauða frelsarans.

Samvera -menningarvaka 24. apríl

Síðasta samvera vetrarins er þriðjudaginn 24. apríl og hefst kl. 18. Þá er fjölbreytt dagskrá að vanda. Ræðumaður kvöldsins verður Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Jóns Bjarnasonar. Létt máltíð verður svo og tími til að spjalla í safnaðarsalnum.

Guðsþjónusta er uppstigningardag 17. maí. Þann dag er eldri borgurum boðið sérstaklega til guðsþjónustunnar sem verður kl. 14. Þá mun sr. Guðmundur Þorsteinsson, fyrrum dómprófastur prédika. Að lokinni guðsþjónustunni verður boðið upp á veitingar. Þar syngjum við saman vorlögin og njótum annarrar góðrar tónlistar.



Guðspjónustur kyrruviku og páska 2007

1. apríl pálmasunnudagur

- kl. 11 Barnaguðspjónusta
sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson
- kl. 10:30 Fermingarguðspjónusta
sr. Valgeir Ástráðsson prédikar
- kl. 14 Fermingarguðspjónusta
sr. Valgeir Ástráðsson prédikar

5. apríl skírdagur

- kl. 14 Fermingarguðspjónusta
sr. Valgeir Ástráðsson prédikar
- kl. 20 Kvöldguðspjónusta
sr. Bolli Pétur Bollason og
sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson annast guðspjónustuna
Örnólfur Kristjánsson leikur á hnéfiðlu
Altarisganga

6. apríl föstudagurinn langi

- kl. 14 Guðspjónusta
sr. Valgeir Ástráðsson prédikar
Píslarsagan lesin
Litanían sungin
Anna Margrét Óskarsdóttir syngur einsöng

8. apríl páskadagur

- kl. 8 Morgunguðspjónusta
sr. Valgeir Ástráðsson prédikar
Sigrún Hjálmtýsdóttir syngur einsöng
Einar St. Jónsson, Jóhann Stefánsson, Oddur Björnsson og
Sigurður S. Þorbergsson leika á lúðra.
- kl. 11 Fjölskylduguðspjónusta
sr. Bolli Pétur Bollason
sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson
Barnakórinn syngur undir stjórn Önnu Margrétar Óskarsdóttur
- kl. 11 Guðspjónusta í Skógarbæ
sr. Valgeir Ástráðsson prédikar

9. apríl annar páskadagur

- kl. 14 Fermingarguðspjónusta
sr. Valgeir Ástráðsson prédikar

*Kirkjukórinn syngur við guðspjónusturnar
Organisti er Jón Bjarnason*

Guðspjallið

Matteusarguðspjall 28: 1 - 10

Að liðnum hvíldardegi, þegar lýsti af fyrsta degi vikunnar, komu þær María Magdalena og María hin til að líta á gröfina. Þá varð landskjálfti mikill, því engill Drottins sté niður af himni, kom og velti steininum og settist á hann. Hann var sem elding ásýndum og klæðin hvít sem snjór. Varðmennirnir skuldu af hræðslu við hann og urðu sem örendir. En engillinn mælti við konurnar: „Þér skuluð eigi óttast. Ég veit, að þér leitið að Jesús hinum krossfesta. Hann er ekki hér. Hann er upp risinn, eins og hann sagði. Komið og sjáið staðinn, þar sem hann lá. Farið í skyndi og segið lærisveinum hans: „Hann er upp risinn frá dauðum, sjá hann fer á undan yður til Galíleu. Þar munuð þér sjá hann“. Þetta hef ég sagt yður.“ Og þær fóru í skyndi frá gröfinni, með ótta og mikilli gleði, og hlupu að flytja lærisveinum hans boðin. Og sjá, Jesús kemur á móti þeim og segir: Heilar þið! En þær komu, féllu fram fyrir honum og föðmuðu fætur hans. Þá segir Jesús við þær: Óttist ekki, farið og segið bræðrum mínum að halda til Galíleu. Þar munu þeir sjá mig.



Safnaðartíðindi Seljasóknar
27. árg. 4. töl. júlí 2006
Seljakirkja
v/Raufarsel 109 Reykjavík s: 567 0110
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Valgeir Ástráðsson
Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson
Prentvinnsla: Svansprent hf.
Útgáfa: 3000 eintök.